



Eftirlitshandbók

Fiskeldi - Búnaður og rekstur - Eftirlitshandbók

Apríl 2025



Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
1.1. Lagagrunnur	3
1.2. Skilgreiningar	3
1.3. Verklag.....	6
1.4. Skoðunarkerfið.....	6
1.4.1. Tilefni	6
1.4.2. Viðbrögð við óásættanlegri hegðun eftirlitspega við eftirlitsaðila.....	6
1.4.3. Framkvæmd skoðunar – Upphafsfundur	8
1.4.4. Skoðun	8
1.4.5. Lokafundur.....	8
1.4.6. Eftirfylgni / næsta reglubundna skoðun	8
1.4.7. Samantekt	8
1.4.8. Skoðunarskýrsla	8
1.4.9. Myndatökur.....	9
1.4.10. Gjaldtaka	9
1.5. Mat á athugasemdum og eftirfylgni.....	9
1.5.1. Mat á athugasemdum við skoðunaratríði.....	9
1.5.2. Eftirfylgni – þvingunaraðgerðir	10
2. Leyfi	11
2.1. Rekstrarleyfi og skírteini	11
2.1.1. Rekstrarleyfi.....	11
2.1.2. Framleiðsluskýrsla	11
2.1.3. Stöðvarskírteini sjókvíaeldisstöðva.....	12
3. Framleiðsluskráningar	13
3.1. Dagbækur og skipulag.....	13
3.1.1. Dagbókarfærslur.....	13
3.1.2. Skráning vegna slátrunar og seiðasölu	13
4. Byggingar, búnaður og eldissvæði	14
4.1. Sjókvíaeldi	14
4.1.1. Bátar og flutningstæki.....	14
4.1.2. Velferð fiska	14
4.1.3. Eldisbúnaður.....	14
4.1.4. Eftirlit og viðgerðir á netpokum	14
4.1.5. Eldissvæði	15
4.1.6. Merkingar sjókvíaeldisstöðva	15
4.1.7. Framkvæmd flutnings	15
4.2. Landeldi	16
4.2.1. Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi.....	16
4.2.2. Eldisbúnaður og fiskheldni.....	16
4.2.3. Velferð fiska	16
4.3. Slysasleppingar	16
4.3.1. Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga	16
4.3.2. Búnaður vegna slysasleppinga.....	17
4.3.3. Hámarksfjöldi fiska í sjókví	17
5. Gæðastjórnun og innra eftirlit	18
5.1. Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit	18
5.1.1. Þjálfun starfsfólks	18

5.1.2. Gæðahandbók sjókvíaelisstöðva.....	18
5.1.3. Verklagsreglur sjókvíaelisstöðva	18
5.1.4. Viðbragðsáætlanir sjókvíaelisstöðva	19
5.1.5. Innra eftirlit sjókvíaelisstöðva.....	19
5.1.6. Innri úttekt – sannprófun sjókvíaelisstöðva.....	20
6. Úrbætur.....	21
6.1. Úrbætur.....	21
6.1.1. Mat á úrbótum	21

1. Inngangur

Til starfrækslu fiskeldisstöðva á Íslandi þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Matvælastofnun ber að hafa eftirlit með því að ákvæðum laganna og ákvæðum í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva sé framfylgt.

Eftirlitshandbók þessi er ætluð starfsmönnum Matvælastofnunar sem starfa við leyfisveitingar og annast eftirlit með fiskeldisstöðvum. Tilgangur bókarinnar er að veita starfsfólki sem starfar við eftirlit með fiskeldisstöðvum leiðbeiningar um hvernig skuli skipuleggja og framkvæma leyfissúttektir og eftirlit.

Leiðbeiningar þessar koma ekki í stað ákvæða í lögum og reglugerðum.

Breyting 2025

- Texti um gjaldtöku uppfærður í samræmi við breytingu á gjaldskrá.

Breytingar 2023

- Texti varðandi gjaldtöku uppfærður.
- Heiti breytt úr eftirlitshandbók í eftirlitshandbók.
- Titli skoðunarmanns breytt í eftirlitsmann.

1.1. Lagagrunnur

Til grundvallar þessarar eftirlitshandbókar eru lög nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi.

1.2. Skilgreiningar

Aukabúnaður: Tæknibúnaður, fastur eða hreyfanlegur, sem notaður er á eldiskvíum og getur vegna bilana eða vankanta leitt til þess að fiskur sleppi.

Burðarþolsmat: Mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það samkvæmt lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála. Hluti burðarþolsmats er að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi.

Eldisafurðir: Eldisfiskur eins og honum er dreift til neyslu eða afurðir unnar úr honum.

Eldisdýr: Lifandi lagardýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.

Eldiseining: Kví, eldisker og jarðtjörn eða þyrping samfastra eða mjög nálægra eininga. Nær einnig til sjóinntaks og frárennslis strandeldisstöðva.

Eldisker: Ker með rennandi sjó, ferskvatni eða ísöltu vatni þar sem í eru aldar lagarlífverur.

Eldisstofn: Hópur dýra alinn í eldisstöð undan dýri sem alið hefur allan sinn aldur í eldisstöð.

Eldissvæði: Svæði þar sem eldi er leyft og sem er afmarkað með sérstökum hnitum.

Erfðabreyttar lífverur: Allar lífverur þar sem erfðaefninu hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við þörun og/eða náttúrulega endurröðun.

Festingar: Fullbúið kerfi af línunum og botnfestum sem heldur flotkrögum eða flekum á réttum stað. Festingar eru samsettar úr íhlutum í festingar.

Fiskeldi: Fiskeldi er geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska, annarra vatnadýra og nytjastofna sjávar, klak- og seiðaeldi hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.

Fiskeldisstöð: Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki eru nýtt í þágu fiskeldis.

Fleki: Fljótandi vinnu- eða geymslupallur.

Flotkragi: Rammi sem flýtur og heldur uppi einum eða fleiri netpokum.

Framleiðslumagn í rekstrarleyfi:

1. Eldi án kynslóðaskipta: Framleiðslumagn miðast við ársframleiðslu slátraðra tonna af óslægðum eldisfiski úr kerri/kví. Ársframleiðsla er miðuð við almanaksár.
2. Kynslóðaskipt eldi: Framleiðslumagn miðast við meðaltal ársframleiðslu slátraðra tonna af óslægðum eldisfiski úr kví einnar kynslóðar. Ársframleiðsla er miðuð við almanaksár.

Heilsárseldi: Eldi í sjókvíum frá göngustærð upp í markaðsstærð.

Hvildartími: Tími þar sem ekkert eldi má fara fram í eldiseiningu.

Innra eftirlit: Eigið eftirlit rekstrarleyfishafa framkvæmt af starfsmönnum hans eða aðkeyptum þjónustuaðila sem hefur til þess tilskilin réttindi, í þeim tilgangi að tryggja að kröfur í rekstrarleyfi og reglugerðum séu uppfylltar.

Íhlutir: Með íhlutum er átt við einstaka hluti í búnaði m.a. meginíhluti.

Íhlutir í festingar: Keðjur, lásar, kósar, tóg, flot, tengi, lóð og fleira sem kann að vera notað í festingar.

Jarðtjörn: Tjarnir sem eru grafnar niður og eru með gegnumstreymi út í ferskt vatn, sjó eða salt vatn.

Klakfiskur: Fiskur nýttur til undaneldis.

Kví: Netpoki sem hangir í fljótandi grind eða er festur á grind sem komið er fyrir undir eða við yfirborð lagar.

Kvíaeldi: Fiskeldi í netkvíum (netbúrum) í fersku vatni eða söltu.

Kvíapyrping: Pyrping samfastra eða nálæggra kvía.

Kynbætur: Markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Slíkir eiginleikar geta verið mikill vaxtarhraði eða síðbúinn kynþroski. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum. Slíku vali er viðhaldið og það aukið með vali úr hverri kynslóð.

Kynslóðaskipt eldi: Eldi einnar kynslóðar innan sama sjókvíaeldissvæðis.

Lagardýr: Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni, s.s. fiskar, lindýr, krabbadýr og skrápdyr.

Lagarlífverur: Allar lífverur í ferskvatni og sjó, s.s. lagardýr, gróður og örverur.

Landeldi: Eldi á fiski í eldiskerum eða jarðtjörnum á landi. Eldið fer fram í fersku vatni, ísöltu eða sjó.

Legustæði: Svæði sjókvíaeldisstöðvar sem afmarkast af útjöðrum festinga.

Lífmassi: Lífmassi er samanlagt margfeldi af fjölda og meðalþyngd fiska á tilteknu eldissvæði. Lífmassi við hver mánaðamót er talinn hæfilegur tími til að sýna breytileika yfir árið.

Meginíhlutir: Flotkragi, fleki, netpoki og festingar.

Notendahandbók: Skjal sem inniheldur rétta lýsingu á íhlutum, flutningi, geymslu, meðhöndlun, uppsetningu, tengingum, notkun og takmörkunum meginíhluta sjókvíaeldisstöðvar.

Ræktun: Sérhver starfsemi sem hefur það markmið að auka eða viðhalda nýliðun, auka lífvænleika og vöxt einnar eða fleiri lagarlífvera, auka heildarframleiðslu eða auka ákveðnar veiðar fram yfir það sem næst við sjálfbæra nýtingu í náttúrulegum vistkerfum. Það getur falið í sér sleppingu, búsvæðagerð, útrýmingu óæskilegra lífvera, áburðargjöf eða sambland af þessum aðgerðum.

Seiðaelði: Klak og eldi á fyrstu stigum lífsferils fiska.

Sérhæft nám í fiskeldisfræði: Nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi eða eftir að starfsmenn hafa aflað sér sambærilegrar þekkingar og reynslu úr atvinnulífinu.

Sjókvíaeldi: Eldi á fiski í netbúrum sem komið er fyrir í sjó eða söltu vatni.

Sjókvíaeldisstöð: Starfsstöð rekin sem ein heild. Getur verið hefðbundin sjókví, sökkvanleg kví eða fljótandi lokuð sjókví með sjódælingu. Einnig fleki, fóðurlagnir og annar sá búnaður sem nauðsynlegur er til reksturs slíkrar stöðvar.

Sjókvíaeldissvæði: Fjörður eða afmarkað hafsvæði fyrir sjókvíaeldi þar sem gert er ráð fyrir einum árgangi eldisfisks hverju sinni og möguleiki er að fleiri en einn rekstrarleyfishafi starfræki sjókvíaeldisstöðvar á sama svæði með skilyrtri samræmingu í útsetningu seiða og hvíld svæðisins. Afmörkun sjókvíaeldissvæða tekur á hverjum tíma mið af niðurstöðum rannsókna á dreifingu sjúkdómsvalda.

Skiptieldi: Eldi á fiski í strandeldi upp í nokkur hundruð gramma stærð og framhaldseldi í sjókvím upp í markaðsstærð.

Staðarúttekt: Staðbundnar rannsóknir á umhverfisþáttum sem uppfylla kröfur norska staðalsins NS 9415:2009 eða aðra alþjóðlega staðla sem Matvælastofnun metur sambærilega.

Starfsstöð: Svæði þar sem fiskeldismannvirki er staðsett.

Strandeldi: Eldi fisks í eldiskerum eða jarðtjörnum á landi. Sjó eða ísöltu vatni er dælt í eldiseininguna.

Umhverfisálag: Álag (kraftar) á fljótandi eldismannvirki frá vindi, straumum, vindbáru, úthafsöldu, sjávarflóðum og ís.

Vöruvottorð: Skírteini sem skjalfestir að íhlutir standist kröfur NS 9415:2009.

Vinnslustöð: Hver sú aðstaða þar sem eldisafurðir eru verkaðar, unnar, kældar, frystar, pakkaðar eða geymdar.

1.3. Verklag

Eftirlit Matvælastofnunar (MAST) byggir á gæðakerfi sem samanstendur af verklagsreglum, vinnulýsingum og leiðbeiningum, ásamt eyðublöðum og gátlistum. Eftirlitshandbækur eru leiðbeiningaskjöl og eru hluti gæðahandbókar MAST. Þessi handbók er leiðbeiningaskjal með auðkennið LBE – 119– Eftirlitshandbók – Fiskeldi – Rekstur og búnaður. Hún er til stuðnings vinnulýsingu VLY – 002 – Eftirlit matvæla- og fódur fyrirtækja sem tilheyrir verkferli VRF – 021 – Eftirlit.

Markmiðið með handbókinni er að tryggja samræmi við framkvæmd eftirlitsskoðana. Í skoðunum er stuðst við skoðunaratriði sem tengjast lögum og reglum eftir því sem við á. Niðurstöður eftirlits eru færðar í eftirlitsgagnagrunn eins og lýst er í VLY – 002. Á vef MAST (www.mast.is) er að finna öll gögn sem vísað er til í þessum leiðbeiningum ásamt öðru efni sem nýtist einstaklingum og fyrirtækjum við undirbúning umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis.

1.4. Skoðunarkerfið

Markmið skoðana er að sannreyna hvort leyfishafar uppfylli öll skilyrði sem gerð eru til þeirra sem fram koma í gildandi lögum og reglugerðum um fiskeldi.

Eftirlitshandbókinni er skipt upp í sex kafla. Kaflar 2-6 lýsa þeim kröfum sem gerðar eru til þess efnis sem kaflinn fjallar um og hvernig eftirliti er háttað:

1. Inngangur
2. Leyfi
3. Byggingar, búnaður og eldissvæði
4. Framleiðsluskráningar
5. Gæðastjórnun og innra eftirlit
6. Úrbætur

1.4.1. Tilefni

Tilefni skoðana getur verið mismunandi, s.s.:

- Eftirfylgniskoðun
- Úttekt vegna leyfisútgáfu
- Ábending/kvörtun
- Umbeðin
- Tilkygning um frávik
- Annað

Að jafnaði gildir sú regla við eftirlit með fiskeldi að framkvæma boðað eftirlit. Eftirlitsmenn gera því boð á undan sér til að tryggja að ábyrgðarmaður eða sérhæfðir starfsmenn séu viðstaddir. Ef ábyrgðarmaður eða fulltrúi hans er ekki viðstaddur skal óskað eftir leyfi hans til að framkvæma skoðunina.

1.4.2. Viðbrögð við óásættanlegri hegðun eftirlitsþega við eftirlitsaðila

Þegar upp koma tilvik um óásættanlega hegðun eftirlitsþega/viðskiptavina mun Matvælastofnun bregðast við með hliðsjón af mati á aðstæðum og þeirri hegðun sem um ræðir. Viðbrögð geta verið allt frá munnlegri athugasemd við eftirlit allt til þess að yfirstandandi eftirlitsskoðun sé stöðvuð. Starfsfólki

Matvælastofnunar er heimilt að rjúfa samskipti (s.s. símtöl eða fundi) þar sem það verður fyrir óásættanlegri eða óviðeigandi framkomu.

Að meginreglu er brugðist við óásættanlegri hegðun með því að leitað er lausna á staðnum við framkvæmd eftirlits.

Þegar aðstæður eru orðnar slíkar við eftirlit að starfsmaður Matvælastofnunar er knúinn til að hafa orð á hegðun fulltrúa eftirlitsþega og beiðast vinnufriðar, mun slíkt atriði ávallt verða skráð í eftirlitsskýrslu. Yfirmaður viðkomandi eftirlitsmanns mun meta hvort ástæða er til að hnykkja á því við eftirlitsþega að til þess sé ætlast að vinnufriður sé tryggður við eftirlitsskoðun.

Dæmi um óæskilega hegðun sem unnt er að bregðast við með óformlegri hætti eru t.d.:

- Móðganir og útúrsmúningar
- Öskur og háreysti
- Gera eftirlitsmann að andlagi gríns
- Dreifa rógburði
- Hæða eftirlitsmann, hvort sem í samtali eða vitna viðurvist
- Eftirlitsaðili sé einangraður og hundsáður á starfsstöð
- Óeðlileg líkamstjáning, til þess fallin að ógna, gera lítið úr eða hæða eftirlitsmann

Þau atriði sem hér voru talin upp, og atriði sem teljast sambærileg, geta leitt til:

- Kröfu um fund yfirmanns skoðunaraðila með fulltrúa starfsstöðvar þar sem gerð verður krafa um að til aðgerða verði gripið svo eftirlit fari ótruflað fram.
- Að eftirlitsskoðun verði framkvæmd af tveimur skoðunaraðilum í stað eins. Sá umframkostnaður sem af hlýst greiðist af eftirlitsþega.

Í undantekningatilvikum getur Matvælastofnun gripið til þess ráðs, tímabundið, að láta nýjan skoðunaraðila framkvæma eftirlit. Þetta getur átt við í þeim tilfellum þar sem atburðarrás er óljós og málið í rannsókn. Að meginreglu mun eftirlitsaðili snúa aftur til eftirlits á starfsstöð um leið og staðreyndir máls eru kunnar.

Verulega óásættanleg hegðun

Dæmi um verulega óæskilega hegðun eru t.d.:

- Líkamsárás
- Niðurlægjandi framkoma á grundvelli kynferðis
- Niðurlægjandi framkoma á grundvelli kynvitundar
- Niðurlægjandi framkoma á grundvelli kynhneigðar
- Niðurlægjandi framkoma á grundvelli menningarlegs uppruna
- Niðurlægjandi framkoma á grundvelli kynþáttar
- Ógnun og/eða hótun um beitingu ofbeldis
- Ógnun eða hótun um félagslegar afleiðingar
- Endurtekin óásættanleg hegðun. (sbr. kafla þar að lútandi)

Í ákveðnum tilfellum getur það verið mat Matvælastofnunar að óforsvaranlegt sé að halda áfram eftirliti við óbreyttar aðstæður. Í einhverjum tilvikum getur það þýtt að stöðva þurfi starfsemi tímabundið. Í öðrum tilfellum getur það þýtt að eftirlitsskýrsla er kláruð á grundvelli þeirra gagna sem fram hafa komið. Þegar svo háttar til er eftirlitsmanni skylt að skrá þau atriði sem ekki var hægt að hafa eftirlit með sem „frávik“. Framhald eftirlits mun þá fara fram á grundvelli verklagsreglna Matvælastofnunar þegar upp koma frávik.

Það er stefna Matvælastofnunar að allt ofbeldi og hótanir um ofbeldi í garðs starfsmanna stofnunarinnar er kært til lögreglu. Er það til viðbótar öðrum aðgerðum sem stofnunin kann að grípa til til að vernda starfsfólk sitt og tryggja því boðlegt starfsumhverfi.

Sjá einnig kafla 3.7 í starfsmannahandbók MAST (S:/Starfsmannahandbók). Lögfræðingar Samhæfingar og þjónusta sjá um kæruférlid.

1.4.3. Framkvæmd skoðunar – Upphafsfundur

Eftirlitsmaður lýsir tilefni heimsóknarinnar og fyrirkomulagi heimsóknar/skoðunar og fær upplýsingar um fiskeldisstöðina sem geta auðveldað skoðun.

1.4.4. Skoðun

Í upphafi skoðunar er nauðsynlegt að fara yfir upplýsingar um fiskeldisstöð, starfsemi og tengiliði. Spurt er hvort einhverjar breytingar hafi átt sér stað frá síðustu skoðun. Ef eftirlitsmaður er ekki kunnugur fiskeldisstöðinni er eðlilegt að hefja skoðun með ábyrgðarmanni hennar eða fulltrúa hans sem sýni honum fiskeldisstöðina og kynni hann fyrir þeim sem sjá um hina ýmsu hluta framleiðslunnar.

Eftir að hafa verið sýnd fiskeldisstöðin skal eftirlitsmaður fara yfir gæðahandbók stöðvarinnar, verklagsreglur og framleiðsluskráningar með ábyrgðarmanni fiskeldisstöðvarinnar. Ábyrgðarmaður skal þá leggja fram þau skjöl sem eftirlitsmaður biður um.

Eftirlitsmaður hefur frávík sem komið hafa fram í fyrra eftirliti til hliðsjónar við skoðun. Farið er yfir athugasemdir sem komu þá fram og kannað hvort athugasemdir og frávík með útrunna fresti hafi verið lagfærð.

Skoða skal gögn er snúa að tilefni heimsóknarinnar. Eftirlitsmaður skoðar starfsstöðina samkvæmt aðferðum þessarar handbókar til að sannreyna að innra eftirlitið sé til staðar og rétt upp byggt. Einnig að byggingar, búnaður og starfshættir séu í samræmi við kröfur sem gerðar eru til fiskeldisstöðva. Meðan á skoðun stendur skráir eftirlitsmaður allar athugasemdir hjá sér. Skýrsla er fyllt út jöfnum höndum á meðan skoðun fer fram ásamt mati á athugasemdum og eftirfylgni, sjá kafla 1.5.

1.4.5. Lokafundur

Farið er yfir niðurstöður skoðunar, athugasemdir og niðurstaða kynnt fyrir ábyrgðarmanni stöðvarinnar. Að öllu jöfnu er lokið við skýrslu innan 10 virkra daga og hún send í tölvupósti til ábyrgðarmanns. Sé eftirlitsmaður í vafa um túlkun einstakra athugasemda geta niðurstöður breyst í meðförum þar til skýrslu er lokað.

1.4.6. Eftirfylgni / næsta reglubundna skoðun

Sé um eftirfylgni að ræða kemur fram á skýrslu áætluð dagsetning eftirfölgiskoðunar. Sé um reglubundna skoðun að ræða leitast eftirlitsmaður við að upplýsa ábyrgðarmann stöðvarinnar um áætlaða tímasetningu næstu skoðunar. Hafa ber í huga niðurstöður eftirlits og eftirlitsáætlun MAST.

1.4.7. Samantekt

Þegar það á við eru helstu niðurstöður eftirlitsmanns teknar saman í lok skýrslugerðar og skráðar í „Aðrar athugasemdir“. Þar er t.d. tekið fram:

- Hvað vel hefur verið gert.
- Ábendingar um hvað mætti betur fara.
- Áherslur eftirlitsmanns um eftirfylgni – þvingunarúrræði, andmæli veitt á vettvangi o.s.frv.
- Nöfn annarra eftirlitsmanna Matvælastofnunar en skýrsluhöfundar.
- Leiðbeinandi umfjöllum um leyfi annarra yfirvalda t.d. Umhverfisstofnunar.

1.4.8. Skoðunarskýrsla

Þær athugasemdir sem kynntar voru ábyrgðarmanni á lokafundi eru færðar beint í skýrslu. Þegar skýrslan hefur verið yfirfarin og skráð er henni lokað og sendist hún sjálfkrafa til

leyfishafa/ábyrgðarmanns. Skýrslu skal lokað í síðasta lagi tíu virkum dögum eftir að skoðun fór fram. Skýrslan er send í annað sinn að andmælarétti liðnum sem ákvörðun, þar sem leyfishafa er kynntur kæruréttur. Þegar ábyrgðarmaður (leyfishafi) opnar skýrsluna þá er staðfesting skráð í Ísleyf. Ef skýrslan er ekki opnuð er hún prentuð út og send viðkomandi í ábyrgðarpósti. Eftirlitsmaður sem skráir og sendir skýrslu er ábyrgur fyrir framkvæmdinni sem kemur fram hér að ofan.

Ef eftirlitsheimsókn og/eða ritun skýrslu tengist ábendingu eða umsókn úr þjónustugátt er númer ábendingar/málsnúmer umsóknar skráð í reitinn **'Nánari lýsing'** þegar skýrsla er stofnuð í Ísleyfi

Mikilvægt er að ávallt sé vandað til orðanotkunar í skoðunarskýrslum þegar vísað er til eftirlitsþega. Álit eftirlitsaðila á aðstæðum eða persónum, annað en faglegt, á ekki erindi í skoðunarskýrslur. Leiðbeiningar MAST, LBE-155 um skráningu í kerfi stofnunarinnar með tilliti til persónuverndar, eru einnig leiðbeinandi hvað þetta varðar.

1.4.9. Myndatökur

Myndir geta verið gagnlegar og veita oft betri upplýsingar en texti. Hægt er að setja myndir inn á hvert skoðunatriði sem stuðning við athugasemd. Æskilegt er að taka myndir þegar um „Alvarlegt frávik“ er að ræða. Einnig er hægt að nota myndir sem sönnun þess að úrbótum hafi verið sinnt.

1.4.10. Gjaldtaka

Gjald fyrir eftirlit með fiskeldisstöðvum er samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar.

1.5. Mat á athugasemdum og eftirfylgni

1.5.1. Mat á athugasemdum við skoðunatriði

Við skoðun sérhvers skoðunatriðis skal skrá allar athugasemdir. Athugasemdir geta fengið þrens konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vikir frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikid það lítilfjörlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vikir frá ákvæðum laga eða reglugerða. Eftirlitsmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vikir alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða eða rekstrarleyfis. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax, samkvæmt VLY-051. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

Meðalhófsreglan

Hafa verður hliðsjón af þeirri meginreglu stjórnarfrarsréttarins, að stjórnvald skuli ekki fara strangar í sakir

en nauðsynlegt er til að leysa það viðfangsefni, sem stjórnvaldinu er falið.

Meginsjónarmiðin að baki reglunni eru þau að stjórnvaldi sé ekki aðeins skylt að líta til þess markmiðs sem starf þess stefnir að, heldur beri því einnig að taka tillit til hagsmuna og réttinda þeirra aðila sem athafnir stjórnvalda og valdbeiting beinist að. Ber stjórnvöldum að fara ákveðinn meðalveg á milli þessara andstæðu sjónarmiða.

Þetta þýðir að áður en stjórnvald tekur ákvörðun um þvingunarúrræði verður stjórnvaldið að hafa gengið úr skugga um að markmiðum laganna verði ekki náð með öðru eða vægara móti.

1.5.2. Eftirfylgni – þvingunaraðgerðir

Ef athugasemd sem fékk dóminn LS er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dóminn F.

Eftirfylgni eftirlitsmanna MAST er eftirfarandi:

Skoðunatriði með dóminn Frávik

- **Heimsókn 1 – reglubundin:** Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- **Heimsókn 2 – eftirfylgni:** Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð.
 - *Skoðunatriði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunatriði 6.1.*
 - *Eftirlitsmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafi - lög nr. 71/2008)*
- **Heimsókn 3 – eftirfylgni:** Skoðunatriði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær Samhæfing MAST skoðunarskýrsluna og þvingunarferill (VRF-022) tekur við.

Skoðunatriði með dóminn Alvarlegt frávik

- **Heimsókn 1 – reglubundin:** Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar eða ef við á, fær Samhæfing MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022).
 - *Eftirlitsmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafi – lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.*
- **Heimsókn 2 – eftirfylgni:** Skoðunatriði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunatriði 6.1. Samhæfing MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022).

Stjórnvaldssektir

Matvælastofnun getur lagt stjórnvaldssektir á rekstrarleyfishafa sem brýtur gegn einhverju eftirtalinna ákvæða:

- Hámark lífmassa í eldi á hverjum tíma
- Bann við flutningi eldisfisks eða seiða í fiskeldisstöð án rekstrarleyfis
- Skyldu til að tilkynna um stök á fiski og beita sér fyrir veiðum á strokufiski
- Bann við framsali, leigu og veðsetningu á rekstrarleyfi án skriflegs samþykkis Matvælastofnunar
- Bann við sleppingum kynbættis eldisfisks í fiskrækt eða hafbeit

- Bann við flutningi og sleppingum eldisfisks og lifandi fisks
- Bann við innflutningi á notuðum eldisbúnaði án leyfis Matvælastofnunar

Sektir geta numið frá 100.000 kr. til 150.000.000. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, þeirra hagsmuna sem í húfi eru, verðmætis ólögætrar framleiðslu, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot hefur verið að ræða síðastliðin þrjú ár. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna lögaðila, hann hafi eða hafi getað haft ávinning af broti og hvort hægt hafi verið að koma í veg fyrir brotið með stjórnun og eftirliti.

2. Leyfi

2.1. Rekstrarleyfi og skírteini

2.1.1. Rekstrarleyfi

7. gr laga nr. 71/2008 og 34. gr. í reglugerð 1170/2015.

Leyfisskírteini og starfsemi er í samræmi við skráningu samþykkrtra starfsstöðva á heimasíðu Matvælastofnunar.

- Engin önnur starfsemi á sér stað í fiskeldisstöð en sú sem leyfi fyrirtækisins nær yfir.
- Engar fisktegundir eru í fiskeldisstöð sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi.
- Árleg framleiðsla fiskeldisstöðvar er ekki meiri en heimild er fyrir í rekstrarleyfi.
- Starfsleyfi frá Umhverfisstofnun er í gildi.

Mat á athugasemd: Sé framleiðsla hafin án leyfis MAST eða sé árleg framleiðsla umfram heimild er ávallt dæmt **Alvarlegt frávik**.

2.1.2. Framleiðsluskýrsla

47. gr í reglugerð 1170/2015

Mánaðarlega skal fiskeldisstöð skila framleiðsluskýrslu um starfsemi sína þar sem fram koma eftirfarandi upplýsingar:

- Útsetning; tegund, fjöldi og árgangur.
- Birgðir; tegund, fjöldi fiska, meðalþyngd hvers árgangs.
- Slátrað magn; tegund, fjöldi og meðalþyngd hvers árgangs.
- Afföll; fjöldi fiska og þyngd hjá hverjum árgangi.
- Eldisrými í rúmmetrum.
- Fóðurnotkun.
- Yfirlit yfir sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri s.s. slysasleppingar.

Fyrir sjókvíaeldisstöðvar þarf að auki eftirfarandi upplýsingar:

- Skrá hvaða starfsstöðvar eru í notkun og hverjar eru í hvíld.
- Gefa yfirlit yfir tegund, fjölda og árgang í hverri eldiskví.

2.1.3. Stöðvarskírteini sjókváeldisstöðva

14. gr og 21. – 30. gr í reglugerð 1170/2015

Allar sjókváeldisstöðvar skulu hafa stöðvarskírteini í gildi útgefið af faggildri skoðunarstofu og skal skírteinið aðeins gilda fyrir eina stöð á einum stað. Stöðvarskírteini skal lýsa uppsetningu sjókváeldisstöðvarinnar og mögulegri framtíðarsamsetningu/-uppsetningu. Til staðar skulu vera teikningar af sjókvím þar sem a.m.k. allir meginíhlutir koma fram.

Í stöðvarskírteini skal staðfest að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- Nauðsynleg vöruvottorð og meginíhlutavottorð, sbr. bráðabirgðaaákvæði III.
- Upplýsingar um nálægð eða samtengingu milli fleka og viðkomandi eldiskvía.
- Staðarúttekt og matsgreiningarskýrsla og skýrsla um skoðun festinga.
- Vottorð faggildrar skoðunarstofu um að hönnun sjókváeldisstöðvar uppfylli kröfur NS 9415:2009.
- Meginíhlutir og aukabúnaður séu í áreiðanlegu ástandi.
- Meginíhlutir passi saman og séu settir saman í samræmi við notendahandbækur.
- Aukabúnaði sé áreiðanlega fyrir komið og í samræmi við notendahandbækur.
- Meginíhlutir þoli það umhverfisálag sem er á legustað.

Í stöðvarskírteini skal einnig koma fram:

- Nafn skoðunaraðila, einkennismerki, heimilisfang, faggildingarnúmer og undirskrift.
- Faggildingarmerki faggildingaraðila.
- Dagsetning og gildistími.
- Heiti starfsstöðvar.

Afrit af stöðvarskírteini og öll grunn gögn sem notuð voru við útgáfuna þurfa að berast Matvælastofnun eigi síðar en tveimur vikum eftir útgáfu skírteinis. Eftirfarandi atriði teljast sem grunn gögn:

- Staðarúttekt
- Vöruvottorð
- Meginíhlutavottorð
- Matsgreiningarskýrsla
- Skýrsla um skoðun festinga

3. Framleiðsluskráningar

3.1. Dagbækur og skipulag

3.1.1. Dagbókarfærslur

46. gr. og viðauki I í reglugerð 1170/2015.

Rekstarleyfishafi skal færa dagbók um starfsemi í eldisstöðinni sem bæði getur verið rafræn eða handskrifuð. Dagbókarfærslur skulu vera aðgengilegar eftirlitsmanni og staðsettar á eldissvæði. Eftirfarandi upplýsingar skulu vera skráðar í dagbók:

- Nafn eldisstöðvar, númer rekstrarleyfis og starfsstöð,
- Fjölda og stærð kvía eða kerja í notkun,
- Ef eldisdýr er flutt í eldisstöðina skal skrá:
 - fjölda dýra,
 - meðalþyngd og aldur eftir atvikum,
 - uppruna,
 - flutningsaðila/flutningstæki.
- Fjölda og þyngd dauðra dýra sem eru fjarlægð úr kvíum eða kerjum.
- Magn og gerð fóðurs sem gefið er.
- Ef eldisdýr er flutt úr eldisstöð skal skrá:
 - fjölda dýra,
 - meðalþyngd og aldur eftir atvikum,
 - móttakanda,
 - flutningsaðila/flutningstæki.
- Þegar eldisdýri er slátrað skal skrá:
 - fjölda dýra,
 - meðalþyngd og aldur eftir atvikum,
 - slátrunarstað/vinnslustöð,
 - flutningstæki á slátrunarstað og/eða vinnslustöð.
- Bólusetningar og lyfjagjöf og skal þá tilgreint kar eða kví.

Sérákvæði fyrir sjókvíaeldisstöðvar

46. gr. og viðauki I í reglugerð 1170/2015.

- Skrá skal hvaða starfsstöðvar/eldissvæði eru í notkun og hverjar eru í hvíld.
- Nákvæmar upplýsingar um fjölda fiska, meðalþyngd, uppruna og afföll þurfa að vera til staðar á hverjum tíma um hverja kví.

3.1.2. Skráning vegna slátrunar og seiðasölu

Til staðar eru skráningar um fjölda og þyngd fiska sem slátrað er í fiskeldisstöð.

Til staðar eru skráningar um fjölda og þyngd seiða sem flutt eru úr seiðastöð.

4. Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.1. Sjókvíaeldi

4.1.1. Bátar og flutningstæki

20. gr. og 33. gr. í reglugerð 1170/2015.

Allir bátar sem notaðir eru við sjókvíaeldisstöð eru útbúnir með hlíf fyrir skrófu til að koma í veg fyrir að skrófublöð valdi tjóni á eldisbúnaði.

Öll tæki sem notuð eru til flutnings á lifandi eldisfiskum eru hönnuð þannig að auðvelt sé að þrifa þau og sótthreinsa.

4.1.2. Velferð fiska

36. gr. og 49. gr. í reglugerð 1170/2015

Fiskar á eldissvæði líta eðlilega út. Ekki er óeðlilega mikið af dauðfiski að sjá.

- Allur dauðfiskur er fjarlægður daglega úr eldiseiningu og fjöldi og þyngd dauðfisks skráð.

4.1.3. Eldisbúnaður

30. gr. í reglugerð 1170/2015.

Allur búnaður á eldissvæðum er í áreiðanlegu tæknilegu ástandi. Skoða skal hvort eftirfarandi búnaður sé í góðu ástandi:

- Floteiningar
- Netapoki fyrir neðan hoppnet
- Hoppnet
- Festingar við flothring
- Fuglanet
- Dauðfiskaháfur/Lift-Up
- Fóðrari
- Myndavélar í kvíum

Komi upp frávik á búnaði eða þjónustu sem gætu leitt til slysasleppinga skal rekstraraðili tafarlaust setja í gang eigin verkferla til að koma í veg fyrir eða draga úr slysasleppingu. **Tilkynna skal um frávik á búnaði til Matvælastofnunar og til framleiðanda eða þjónustuaðila.**

4.1.4. Eftirlit og viðgerðir á netpokum

31. gr í reglugerð 1170/2015.

Virkt eftirlit er starfrækt og viðgerðir eru gerðar á netpokum þegar þess gerist þörf. Einungis má skipta við verkstæði sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru í NS 9415:2009 og hefur fengið vottun af faggildri skoðunarstofu.

Allar viðgerðir skulu skráðar í sérstaka ástands- og viðgerðarskýrslu sem inniheldur a.m.k.:

- Nafn, heimilisfang og undirskrift verkstæðis.
- Númer vottunarskírteinis.
- Einkennisnúmer netpokans.
- Lýsingu á umfangi og staðsetningu skemmda.
- Lýsingu á viðgerðinni.

Bráðabirgðaviðgerðir á legustað sem nauðsynlegar eru til að hindra slysasleppingu meðan netpokinn er í notkun eru undanþegnar fyrrnefndum kröfum.

4.1.5. Eldissvæði

5. gr. í reglugerð 1170/2015.

Allur búnaður sjókvíaeldisstöðva (kvíar, festingar, prammar o.fl.) er innan tilgreinds ræktunarsvæðis í rekstrarleyfi.

Sjókvíaeldissvæði eru hvíld í a.m.k. 90 daga þegar eldi og slátrun hveðrar kynslóðar lýkur.

4.1.6. Merkingar sjókvíaeldisstöðva

32. gr. í reglugerð 1170/2015.

Sjókvíaeldisstöðvar skal merkja á eftirfarandi hátt þannig að kvíar séu vel sjáanlegar sjófarendum:

- Gult merki og gult endurskinsmerki við jaðar sjókvíaeldisstöðvar.
- Gult ljós við jaðar sjókvíaeldisstöðvar eða með lýsingu frá eldiskvíum og fleka.
- Radarspegill við jaðar sjókvíaeldisstöðvar.
- Skila skal til Landhelgisgæslu Íslands upplýsingum er varða hnitsetningar ankera og tóga sjókvíaeldisstöðva.
- Flot sem notuð eru til merkinga skulu vera gul á litinn.
- Óbein lýsing eða önnur lýsing við eða á sjókvíaeldisstöð má ekki blinda sjófarendur.
- Með jaðri sjókvíaeldisstöðvar er átt við stað þar sem tóg frá ankerum eru fest eða sem á einhvern annan hátt markar jaðar stöðvarinnar.

Þegar nákvæm staðsetning á sjókvíaeldisstöð liggur fyrir skal rekstrarleyfishafi tilkynna hnit til Landhelgisgæslu Íslands. Jafnframt skal rekstrarleyfishafi tilkynna Landhelgisgæslu Íslands þegar sjókvíaeldisstöðvar eru færðar til innan þess eldissvæðis sem fyrirtækið hefur fengið úthlutað.

4.1.7. Framkvæmd flutnings

40.-41. gr í reglugerð 1170/2015 og 20. gr. í reglugerð 300/2018.

Allur flutningur á notuðum búnaði milli eldissvæða þarf að hafa hlotið samþykki Matvælastofnunar.

Allur flutningur á lifandi eldisfiski á sjó eða landi er óheimill nema að honum fylgi heilbrigðisvottorð, útgafið af sérgreinaðýralækni fisksjúkdóma eða opinberum dýralækni undir hans stjórn.

4.2. Landeldi

4.2.1. Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

Teikningar af fiskeldisstöðinni eru til staðar sem sýnir yfirlit yfir fiskeldissvæðið. Eldiseiningar, stærð eldiseininga, frárennsli og varnir gegn slysasleppingum í frárennsli þurfa að koma fram á teikningum.

4.2.2. Eldisbúnaður og fiskheldni

30. gr og viðauki IV í reglugerð 1170/2015.

Allur búnaður sem notaður er í fiskeldisstöð er í góðu ásigkomulagi og vel við haldið. Viðhald á eldisbúnaði er skráð.

- Öll ker, niðurföll og frárennsli er útbúin með búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr fiskeldisstöð. Ef fiskur sleppur úr eldisstöð þarf búnaðurinn að vera þess eðlis að geta fangað fiskinn og komið í veg fyrir að hann komist lengra upp í vatnssvæði í kringum stöðina.
- Vatnshæð í eldiseiningum er ekki það há að hætta sé á að fiskar hoppi yfir brúnina.

Ef grunur er um að fiskeldisstöð uppfylli ekki allar kröfur sem settar eru fram í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit skal eftirlitsmaður tilkynna athugasemd til Umhverfisstofnunar.

4.2.3. Velferð fiska

36. gr og 49. gr. í reglugerð 1170/2015

Fiskar í fiskeldisstöð líta eðlilega út. Ekki er óeðlilega mikið af dauðfiski að sjá.

- Allur dauðfiskur er fjarlægður daglega úr eldiseiningu og fjöldi og þyngd dauðfisks skráð.

4.3. Slysasleppingar

4.3.1. Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga

37. gr og viðauki IV í reglugerð 1170/2015

Allar fiskeldisstöðvar skulu hafa viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga. Rekstrarleyfishafi, sem missir fisk úr fiskeldisstöð skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga. Rekstrarleyfishafa er skylt að grípa til allra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að varna því að slysaslepping valdi tjóni.

Rekstrarleyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé aðgengileg á eldissvæði og að hún sé kynnt fyrir öllum starfsmönnum eldisstöðvarinnar. Viðbragðsáætlunin skal m.a. innihalda leiðbeiningar um:

- Hvernig hindra skal áframhaldandi slysasleppingar.
- Hvernig tilkynna skal um slysasleppingu.
- Hvernig endurheimta skal fisk sem sleppur.

Nánari leiðbeiningar um viðbrögð við slysasleppingum má sjá í viðauka IV í reglugerð nr. 1170/2015.

4.3.2. Búnaður vegna slysasleppinga

Viðauki IV í reglugerð 1170/2015

Allar fiskeldisstöðvar skulu eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði til veiða á eldisfiski ef upp kemur slysaslepping.

4.3.3. Hámarksfjöldi fiska í sjókví

14. gr. í reglugerð 300/2018.

Fjöldi seiða í hverri sjókví má ekki vera meiri en 200.000.

5. Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1. Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

5.1.1. Þjálfun starfsfólks

45. gr. og viðauki III í reglugerð 1170/2015.

Allar fiskeldisstöðvar skulu veita öllum starfsmönnum þjálfun hvernig skal hindra slysasleppingar áður en þeir hefja störf. Þeir skulu einnig hafa þekkingu og færni til að grípa strax til viðeigandi ráðstafana ef slysasleppingar eiga sér stað. Fiskeldisstöðvar skulu viðhafa innra eftirlit í því skyni að koma í veg fyrir slysasleppingar.

Þjálfun starfsmanna sjókvíaeldisstöðva: Allir starfsmenn skulu fá fullnægjandi þjálfun til að sinna starfi sínu. Halda skal þjálfunarskrá fyrir alla starfsmenn þar sem tilgreint er hvaða þjálfun starfsmaður hefur lokið ásamt staðfestingu starfsmanna á fenginni þjálfun. Allir starfsmenn skulu fá þjálfun sem hefur það að markmiði:

- Að hindra slysasleppingar og virkja viðbragðsáætlun ef slepping á sér stað.
- Að lágmarka umhverfisáhrif.
- Að tryggja velferð eldisdýra.
- Hvernig meðhöndla skuli eiturefni (þegar það á við)
- Að kynna verklagsreglur, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit sem starfsmenn þurfa að tileinka sér.

5.1.2. Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Viðauki III í reglugerð 1170/2015.

Verklag er til staðar um skipulag og ábyrgðarskiptingu ásamt skrá og áætlun um fræðslu/þjálfun starfsmanna.

- Skipurit er til staðar þar sem fram kemur starfsheiti einstakra stjórnenda.
- Ábyrgðarsvið og starfslýsingar allra starfsmanna eru skýrar.
- Heiti starfsstöðva, staður og hnit er til staðar ásamt korti af staðsetningu sjókvíaeldisstöðva.

Árlega skal halda fund með öllum starfsmönnum fiskeldisstöðvar þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar og kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Þátttöku skal skrá í þjálfunarskrá.

5.1.3. Verklagsreglur sjókvíaeldisstöðva

42. – 44. gr. og viðauki III í reglugerð 1170/2015.

Í gæðahandbók skulu vera að lágmarki eftirfarandi verklagsreglur:

- Um móttöku seiða þar sem m.a. kemur fram lágmarksmöskvastærð miðað við tiltekna fiskstærð, hvernig þjónustubátur kemur að eldiskví og skilgreining á veðurfarslegum aðstæðum þegar heimilt er að koma með bát að eldiskví.
- Um losun á dauðfiski úr eldiskví þar sem tíðni þarf að koma fram.
- Um skiptingu á netpoka þar sem m.a. er gengið úr skugga um að engin göt séu á pokanum og að frágangur sé í lagi.
- Um hreinsun á netpoka.
- Um slátrun á fiski þar sem m.a. kemur fram hvernig sláturbátur kemur að eldiskví og skilgreining á veðurfarslegum aðstæðum þegar heimilt er að koma með bát að eldiskví.

Í verklagi skal jafnframt lýsa markmiði, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörkum, aðgerðum til úrbóta ásamt því hvað skrá skuli.

5.1.4. Viðbragðsáætlanir sjókvíaeldisstöðva

42. – 44. gr. og viðauki III í reglugerð 1170/2015.

Í gæðahandbók skulu vera að lágmarki viðbragðsáætlanir um:

- Slysasleppingu.
- Tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun.
- Massadauða, s.s. vegna sjúkdóma og umhverfisástands.
- Olíumengun.
- Fárviðri og ísingu á búnaði.
- Hafís, lagnaðar- og rekís.
- Afræningja.

Í verklagi skal jafnframt lýsa markmiði, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörkum, aðgerðum til úrbóta ásamt því hvað skrá skuli.

5.1.5. Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðva

42. – 44. gr. og viðauki III í reglugerð 1170/2015.

Verklag er til staðar sem tryggir skilvirkt innra eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðvarinnar. Að lágmarki skal vera eftirfarandi innra eftirlit:

- Móttökueftirlit (ástand netpoka við móttöku).
- Yfirborðseftirlit (s.s. ástand á búnaði, fiski á yfirborði og afræningjum við eldiskvíar).
- Neðansjávarftirlit (köfun eða eftirlit með neðansjávarmyndavélum).
- Eftirlit með laxalús.
- Eftirlit með skyggni sjávar (sjóndýpi), sjávarhita og súrefnisinnihaldi sjávar.
- Vöktun á botnseti/botndýrum.

Í verklagi skal jafnframt lýsa markmiði, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörkum, aðgerðum til úrbóta ásamt því hvað skrá skuli.

5.1.6. Innri úttekt – sannprófun sjókvíaeldisstöðva

42. – 44. gr. og viðauki III í reglugerð 1170/2015.

Verklag er til staðar sem sýnir að rekstrarleyfishafi rýni reglulega og eigi sjaldnar en árlega, þau kerfi og þær verklagsreglur sem settar eru fram í gæðahandbók fiskeldisstöðvar.

- Skipa skal sannprófunarhóp og sá aðili sem framkvæmir sannprófunina skal vera óháður þeim þáttum sem verið er að sannprófa hverju sinni.
- Sannprófa skal gæðakerfið í heild sinni a.m.k. árlega, alltaf eftir slysasleppingu eða önnur alvarleg óhöpp og þegar verulegar breytingar eiga sér stað á rekstri fiskeldisstöðvarinnar.
- Útbúa skal gátlista sem inniheldur öll þau atriði sem þarf að sannprófa. Gátlistinn skal að lágmarki innihalda alla kafla gæðahandbókar þar sem merkt er við hvort viðkomandi atriði eru í lagi eða ekki.

Við sannprófun skal fara yfir allar skráningar á innra eftirliti eldisstöðvarinnar í heild sinni og hafa við viðmiðunar eftirfarandi atriði:

- Hvort fyrirbyggjandi ráðstöfunum hafi verið framfylgt varðandi:
 - viðhald á eldisstöðinni,
 - þjálfun starfsmanna,
 - verklagsreglur.
- Hvort viðbragðsætlunum hafi verið framfylgt.
- Hvort eftirlit og úrbætur hafi verið í samræmi við innra eftirlit eldisstöðvar.
- Hvort ástæða sé til að breyta þeim viðmiðunum sem notaðar eru.
- Hvort fullnægjandi úrbætur hafi verið gerðar á athugasemdum utanaðkomandi eftirlitsaðila.

Í verklagi skal jafnframt lýsa markmiði, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörkum, aðgerðum til úrbóta ásamt því hvað skrá skuli.



6. Úrbætur

6.1. Úrbætur

6.1.1. Mat á úrbótum

Af skráningum má sjá að úrbætur eru gerðar þegar mæligildi úr vöktun eða sannprófun leiða í ljós frávik.

- Undir þessum lið eru metnar þær úrbætur sem gerðar eru undir viðkomandi eftirlitsstað.
- Ef athugasemd sem gerð hefur verið við skoðunatriði í skoðun hefur ekki verið lagfærð við eftirfylgni eða næsta reglubundna eftirlit, skoðast það sem **alvarlegt frávik** undir þessum lið.

Í því skyni að uppfylla allar kröfur sem til þeirra eru gerðar skulu leyfishafar framkvæma úrbætur innan tiltekinna fresta og laga þau atriði sem voru ekki í lagi við fyrri skoðanir.